

Alþingi
Erindi nr. P 127/1078
komudagur 8.3.2002



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

6. mars 2002

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 22. febrúar 2002, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 493. mál. Hér með fylgir umbeðin umsögn.

Virðingarfyllst,

Þórður Friðjónsson,
forstjóri

Umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 493. mál.

Lagabreyting þessi gerir ráð fyrir að eftirlaunaaldur lögreglumanna verði 65 ár í stað 70 ár eins og nú er. Frumvarpið er hluti af samkomulagi fjármálaráðherra við Landssamband lögreglumanna frá síðasta ári.

Á það er bent í umsögn fjármálaráðuneytisins að breytingin leiði til aukinna skuldbindinga fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir hærra hlutfalli iðgjalda frá launagreiðanda, þ.e. ríkinu, en þess í stað er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði lífeyrissjóðnum viðbótarkostnað af breytingunni eins og hann verður á hverju ári.

Þjóðhagsstofnun bendir aðeins á að mismunun sjóðsfélaga í töku lífeyris má aldrei verða til þess að skerða lífeyriskjör annarra sjóðsfélaga.